

Guðjón E. Friðriksson

Subject: FW: FW: Varðar skerðingu á sumarlaunahluta tónlistarkennara vegna verkfalls haustið 2014.

Attachments: image001.gif

From: Bjarni Ómar Haraldsson <bjarni.omar.haraldsson@samband.is>
Sent: 15.5.2015 15:02:38
To: Bjarni Ómar Haraldsson <bjarni.omar.haraldsson@samband.is>
Subject: FW: Varðar skerðingu á sumarlaunahluta tónlistarkennara vegna verkfalls haustið 2014.

Ágæti viðtakandi.

Kjarasvið sambandsins vill koma eftirfarandi á framfæri við framkvæmdastjóra sveitarfélaga, launafulltrúa, stjórnendur í tónlistarskólum og starfsfólk skólaskrifstofa.

Kjarasvið sambandsins telur skýrt að félagsmenn í FT, nú Félagi kennara og skólastjóra í tónlistarskólum, sem voru í verkfalli frá 22. október til 24. nóvember 2014 hafi tekið upplýsta ákvörðun um boðun verkfalls haustið 2014 og hefur sú ákvörðun skýrar afleiðingar með vísan til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, en samkvæmt þeim falla skyldur ráðningarsamnings niður í verkfalli en ráðningarsamband aðila helst. Launagreiðslur og aðrar kjarasamningsbundnar greiðslur þ.m.t. sumarhluti launa skerðist vegna þeirra daga sem félagsmenn voru í verkfalli.

Í kjarasamningi segir að skóladagar nemenda skuli vera á tímabilinu 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskóla á sama svæði þannig að frávik nemi ekki meira en tveimur vikum. Lengd skólaársins (starfstími nemenda) hefur þannig áhrif á hvernig félagsmenn skila árlegu vinnuframlagi.

Samkvæmt þessu ber sveitarfélögum því að skerða sumarhluta launa eftir því hvort starfstíminn er 35, 36, 37, 38 eða 39 vikur. Fulltrúar SNS þekkja ekki dæmi þar sem skóli nýtir sér heimild til kennslu í 38 eða 39 vikur. Út frá þeim upplýsingum hefur Kjarasvið sambandsins reiknað skerðinguna á sumarhluta launa með eftirfarandi hætti:

37 vikna starfstími (9,5 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 29,72%
36 vikna starfstími (9,25 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 33,47%
35 vikna starfstími (9 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 37,47%

Athugið að þau sveitarfélög sem eru með 38 eða 39 vikna starfstíma eru beðinn um að snúa sér til undirritaðs ef óskað er liðsinnis við útreikninga á skerðingu sumarlaunahluta vegna verkfalls.

Skerðingin ætti að koma til framkvæmda við greiðslu júlilauna en sveitarfélög í samráði við kennara geta auðvitað tekið ákvörðun um aðrar leiðir t.d. með því að dreifa skerðingu á launagreiðslur í júní og júlí.

Að gefnu tilefni er rétt að benda á að vegna hugsanlegra skerðinga á launum stjórnenda vegna kennsluhluta starfs þeirra í verkfalli að málið er til meðferðar í samstarfsnefnd og verða upplýsingar um málalyktir sendar sveitarfélögum svo fljótt sem verða má.

Þetta tilkynnist hér með.

Með góðri kveðju

Bjarni Ómar